

## Fundargerð 516

Fimmtudaginn 24. nóvember 2022 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Vínlandssetrinu í Búðardal. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Jónína B. Óskarsdóttir (JBÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), sem tengdist fundinum í gegnum Teams og Óli Halldórsson (ÓH). Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Björgvin Ingi Ólafsson (BÍÓ) og Helga Kristín Magnúsdóttir (HKM) sérfræðingar hjá Deloitte (við dagskrárlið 9), Helga Harðardóttir (HH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 4), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Kristján Þ. Halldórsson (KPH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 4), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð fundar 515 - til afgreiðslu
2. Skipting framlaga af fjárlögum til atvinnuráðgjafar - til kynningar
3. Drög að starfs- og rekstraráætlun 2023 - til kynningar
4. Brothættar byggðir, beiðnir um framlengingar - til afgreiðslu
5. Umsögn Byggðastofnunar á fjárlagafrumvarpi komandi árs - til kynningar
6. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu
7. Lánamál - til kynningar
  - a. Fundargerðir lánanefndar
  - b. ...
8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
9. Stefnumótun Byggðastofnunar - til umræðu
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Upplýsti formaður um að eftir að dagskrá lyki kæmu fulltrúar Dalabyggðar og kynntu verkefni Brothættra byggða - DalaAuður. Síðan yrðu heimsóknir til styrkþega úr verkefninu.

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Fundargerð fundar 515 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð 515. fundar. Ekki komu fram athugasemdir og bar formaður fundargerðina upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. Skipting framlaga af fjárlögum til atvinnuráðgjafar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs um samninga um atvinnuráðgjöf og lýsigögn nýs reiknilíkans um skiptingu framlaga til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni sem SEP kynnti.

Samningar um atvinnuráðgjöf sem Byggðastofnun hefur gert við sjö landshlutasamtök sem öll vinna að atvinnuráðgjöf renna út um áramótin. Byggðastofnun skiptir framlagi til atvinnuráðgjafar sem ákveðið er á fjárlögum og hefur stofnunin verið í sambandi við innviðaráðneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið varðandi ráðstöfun viðbótarframlaga

sem komu inn árið 2008 og skiptingu heildarframlagsins. Lagðar eru fram þrjár tillögur að skiptingu framlagsins en kallað eftir nánari umræðu og tillögum.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME og SEP.

Stjórn er sammála tillögu þrjú í minnisblaðinu sem byggir á nýju reiknilíkani sem tekur tillit til fjölmargra lýðfræðilegra og efnahagslegra þátta og er skiptingin gegnsæ. Stjórn leggur til, þar sem stutt er til áramóta, að áhrifin af nýju skiptingunni verði milduð fyrsta árið en taki svo gildi að fullu eftir það.

### **3. Drög að starfs- og rekstraráætlun 2023 - til kynningar**

Fyrir fundinum liggja drög að starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar fyrir árið 2023. AME, MH, HP, SEP og HÁ kynntu þá þætti og verkefni sem snúa að þeirra sviðum.

Til máls tóku ÓH, KB, GP og MBJ.

ÓH lagði til að sveitarfélög yrðu minnt á atvinnuráðgjöfina sem hefði fjarlægst sveitarfélögin eftir sameiningar margra sveitarfélaga.

KB lagði til nánara samstarf Byggðastofnunar, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), Hagstofunnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um samnýtingu gagna og að Byggðastofnun hefði frumkvæði að því.

Spurt var út í framlög á fjárlögum vegna stjórnarsýslu póstmála og verkefna sem stofnunin inni fyrir ráðuneyti og svöruðu MH, AME og SEP fyrir það.

Formaður upplýsti að lokaeyntak af starfsáætluninni yrði til afgreiðslu á næsta fundi.

### **4. Brothættar byggðir, beiðnir um framlengingar - til afgreiðslu**

HH og KPH komu inn á fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá HH og KPH sem þau kynntu vegna óska þess efnis að Grímsey og Árneshreppur verði áfram aðilar að verkefninu Brothættar byggðir en að óbreyttu mun Byggðastofnun draga sig í hlé í báðum byggðarlögum um áramótin. Ekki er mælt með frekari framlengingu verkefnisins Brothættar byggðir / Glæðum Grímsey með þátttöku Byggðastofnunar í óbreyttri mynd en mælt með að verkefnið í Árneshreppi verði framlengt um eitt ár, út árið 2023.

Til máls tóku HKH, MBJ, ÓH, GP, JBÓ,

Formaður bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

HH og KPH viku af fundi.

### **5. Umsögn Byggðastofnunar á fjárlagafrumvarp komandi árs - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur umsögn Byggðastofnunar um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2023 sem SEP kynnti. Umsögnin var send Alþingi 10. október 2022.

Til máls tóku KB, GP, og ÓH.

### **6. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu**

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra og forstöðumanni fyrirtækjasviðs sem HP kynnti þar sem lagt er til að álag á óverðtryggðum lánnum sem flokkast undir COSME ábyrgðarsamkomulagið lækki um 0,2 prósentustig sem taki gildi 1. desember 2022. Tillagan er lögð fram þar sem svigrúm hefur myndast til lækkunar og vaxtamunur er yfir lágmarksviðmiðum stofnunarinnar sem sett eru fram í áhættustefnu. Er þar um að ræða lán

vegna kynslóðaskipta í landbúnaði, græn lán, lán til stuðnings atvinnurekstri kvenna, nýsköpunarlán og lán til fiskvinnslu/útgerða í viðkvæmum sjávarbyggðum.

Til máls tóku MBJ, JBÓ, ÓH, HKH og AME.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

## 7. Lánamál - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir lánveitingar á árinu.

### a. Fundargerði lánanefndar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 33/12-37/12 sem HP kynnti.

Til máls tók JBÓ.

### b. ...

## 8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 31. október. SEÞ kynnti helstu atriði framfylgdar starfsáætlunar Byggðastofnunar.

Formaður frestaði fundi kl. 11:14 og var honum síðan framhaldið kl. 11:30

## 9. Stefnumótun Byggðastofnunar - til umræðu

BIÓ og HKM tengdust fundinum á Teams undir þessum dagskrárlið og kynntu ásamt AME fyrirhugaða vinnu við stefnumótun fyrir Byggðastofnun. Fyrirhugaðar eru vinnustofur með starfsfólki 14. og 15. desember nk.

Til máls tóku GÞ, MaH og ÓH.

BIÓ og HKM viku af fundi.

## 10. Önnur mál

### *Fyrirspurn til stjórnar vegna sölu fullnustueignar á Breiðdalsvík*

Formaður upplýsti að fyrirspyrjandi væri ekki sáttur við bókun stjórnar frá síðasta fundi vegna sölu fullnustueignar á Breiðdalsvík og hefur óskað eftir frekari gögnum sem HÁ er að taka saman.

### *Kostnaður við niðurgreiðslu flugvélaeldsneytis*

AME upplýsti að hann hefði sent minnisblað sem lagt var fyrir síðasta stjórnarfund um kostnað við niðurgreiðslu flutnings flugvélaeldsneytis til Akureyrar og Egilsstaða til innviðaráðherra og Flugþróunarsjóðs sem hafi borið það undir menninga- og viðskiptaráðherra. Málið sé nú í skoðun á þeim vettvangi.

### *Umsjónarmaður áhættustýringar*

Upplýsti AME jafnframt að starf umsjónarmanns áhættustýringar verði auglýst fljótlega.

### *Fyrirspurn vegna lánsúmsóknar*

ÓH, KB og GÞ upplýstu um fyrirspurnir sem þeim hefur borist vegna lánsúmsóknar sem hafnað var í lok sumars. HP og AME sögðu engin ný gögn hafa borist en málið verði tekið til skoðunar þegar þau berist.

## 11. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 16. desember nk. á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:03.

Magnús Helgason fundarritari.

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Jónína Björk Óskarsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson